

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurvöllur
101 Reykjavík

Frá Hollvinasamtökum Reykjanesvita og nágrennis.

*Beiðni um fjárstyrk vegna stækkunar og þróunar á sýningunni **Leiðarljós að lífhöfn** í Vélarhúsinu við Reykjanesvita. Sótt er um 11 milljónir króna.*

Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis, kt. 630317-1180, sækja hér með um styrk til áframhaldandi þróunar sýningar um sögu Reykjanesvita og uppbyggingu á vitum um land allt. Ekki síður dregur sýningin upp mynd af tíðum og hörmulegum sjóslysum sem hafa orðið við Ísland nánast alla tíð. Þessi saga á mikið erindi í nútímanum, sem og til lengri tíma lítið. Það er hins vegar ljóst að sýningin á mikið inni, þ.e.a.s. núverandi sýning er aðeins brot eða sýnishorn af þessum mikla og mikilvæga þætti í sögu lands og þjóðar, jafnvel eftir stækkun og enduhönnun. Þá er löngu tímabært að Íslendingar reisi veglegan minnisvarða þeim þúsundum sjómanna sem fórnðu lífi sínu í glímunni við Ægi og minnast þeirra sem sátu eftir með sárt ennið þegar skip og bátar fórust.

Núverandi sýning er staðsett í Vélarhúsinu við Reykjanesvita sem samtökin leigja af Vegagerðinni. Þá hefur hluti sýningarinnar verið færður yfir í uppgert íbúðarhús vitavarda þar sem senn verður opnuð ný þjónustu- og upplýsingarmiðstöð. Á næsta ári þarf að ljúka við lagfæringar á Vélarhúsinu, mála þak og glugga og bæta aðkomuna að inngangi. Einnig er ætlunin að víkka sýninguna út á útisvæðið með uppsetningu á sýningarskiltum og líkani af fyrsta vitanum sem reistur var upphaflega á Valahnúk. Þá þarf að lagfæra þrepin sem liggja frá Vélarhúsinu upp að sjálfum vitanum á Bæjarfelli, en markmiðið er að leyfa gestum að ganga upp í vitann. Nú þegar er vinsælt hjá ferðamönnum að ganga upp þessi þrep sem vitaverðir Reykjanesvita notuðu á sínum tíma. Síðast en ekki síst þarf að ráðast í söfnun upplýsinga um erlenda sjómenn sem hafa drukknað við Íslandsstrendur auk frekari söfnunar heimilda, myndefnis og kvikmynda sem tengjast þessari sögu. Þá þarf að ráðast í rannsóknir og skráningu á munum sem tengjast sögu vitanna og má finna í forum Vegagerðarinnar.

Áform samtakanna gera ráð fyrir að sýningin verði stækkuð verulega í framtíðinni, annað hvort í nýrri þjónustumiðstöð eða að byggt verði sérstakt sýningarhús á staðnum. Áætlaður kostnaður við verkefni næsta árs, 2024, er 17 milljónir króna. Vinnuframlag félagsmanna er gert í sjálfboðavinnu.

Grindavík, 15. nóvember 2023

Með góðum óskum,
Hallur J Gunnarsson, form.
banar@banar.is
Sími: 821-5304



Islandske Løds.

Tav. I.

Nº 1



Lærsklippen

*Keyshjanes Byr
K 16 V. 2 Ent.*